

HANDRAÐINN OG KAÐLAGERÐIN – Elísabet Guðmundsdóttir og Guðrún H. Bjarnadóttir „repslagarar“

Nokkrir félagar úr *Handraðanum*, félagi um menningararfinn, tóku þátt í Norrænu strandmenningarhátiðinni í Karlskrona þar sem turnar, iðnaðarhús og hafnir vitna um blómaskeið sænska flotans. Meðal þess sem boðið var upp á þá daga sem hátiðin stóð yfir, var ráðstefna um kaðlagerð á Norðurlöndum, en þar er einmitt ein af þeim byggingum sem hafa sett Karlskrona á heimsmínjaskrá UNESCO. „Repslagarbanan“ er 300 metra löng bygging sem gerir hana að lengstu timburbyggingu í Svíþjóð og jafnframt elsta varðveitta húsi bæjarins frá 1692. Byggingin var í notkun fram til 1960 þegar hætt var að framleiða kaðal fyrir flota sjóhersins. Blái þráðurinn sem gengur í gegn um kaðalinn þeirra hefur orðið tákn fyrir mestu gæði kaðalsins. Kaðalinn var gerður úr hampi eða líni sem spunnið var á staðnum. Sagt var að sá sem vann við að spinna kaðalinn hafi gengið aftur á bak sem samsvaraði tveimur hringjum um jörðina.



Félagið „Varvshistoriska Föreningen i Karlskrona“ byrjaði síðan á ný að vinna kaðal í „Repslagarbanan“ árið 2006 með það að markmiði að sýna lifandi menningarstarf fyrir ferðamannaiðnaðinn og aðra áhugasama. En það var einmitt þetta félag sem stóð fyrir ráðstefnunni um kaðlagerðina og hýsti hana í þessu forna og lengsta timburhúsi Svíþjóðar. Tveir meðlimir *Handraðans* sóttu ráðstefnuna en þar tók þátt fólk frá hinum Norðurlöndunum og einn frá Bretlandi. Allstaðar í heiminum hafa verið gerðir kaðlar, enda hafa kaðlar verið notaðir frá forni tíð. Kaðlagerð er því ein af elstu handverksaðferðunum og þessi þekking hefur erfst frá kynslóð til kynslóðar en í fyrsta sinn er nú hættu á að þekking á kaðlagerð glatist. Þess vegna hefur þetta fólk, sem viðhaldið hefur þekkingunni á að spinna kaðla, tekið sig saman um að bjarga þessum menningararfi frá glötnu.



Á ráðstefnunni var boðið upp á fyrirlestra í máli og myndum og einnig var sýnikennsla á framleiðsluferlinu frá því að spinna þráð úr hampi og líni og síðan að snúa kaðalinn, sem síðan var jafnvel bleyttur í heitri tjöru. Íslendingar fluttu inn sína kaðla, væntanlega vegna þess að ekki var ræktað lín eða hampur hér á landi og hægt var að flétta reipi úr ullarbandi og hrosshári innanhúss á vetrum í þröngri baðstofunni. Þá má segja að kaðlagerð sé ekki forn menningararfur Íslendinga, nema að því leyti að kaðlar voru nauðsynlegir og notaðir til ýmissa hluta. Menningararfur Íslendinga felst í því að flétta reipi og styrkti þessi ráðstefna félag eins og *Handraðann* í þeirri vinnu að viðhalda íslenskri reipagerð. Íslendingar eiga ríkt erindi á svona ráðstefnu, til að vikka og styrkja skilninginn á mikilvægi þess að færa menningararfinn áfram til næstu kynslóðar svo hann glatist ekki.

Það er mjög mikilvægt fyrir *Handraðann* að tengjast fólki frá hinum Norðurlöndum, þar sem Norræni menningararfurinn er af sömu rótum og við getum jafnvel endurskapað þá þekkingu sem horfin er vegna þess hve fáir hafa áhuga á þessu menningarstarfi hér á landi. Fólk eflist og styrkist þegar fleiri koma saman með sama áhugamál og þekkingin margfaldast.

Karlskrona er okkur minnisstæð sem sérstaklega fallegur bær, bæjarstæði dreift á margar litlar eyjar sem hægt er að rata um á skömmum tíma. Að ferðast milli eyjanna eru afar skemmtileg afþreying fyrir ferðamanninn og hin frábæra veðurbliða skemmdi ekki fyrir.

Ráðstefnan um kaðlagerðina, þar sem stórir og kröftugir kaðlar voru gerðir úr lifrænum efnum, líni og hampi var afar áhugaverð.



Fréttabréf

Íslenska Vitafélagið

2. töl 2013

-félag um íslenska strandmenningu



Ágæti lesandi.

Eftir viðburðaríkt sumar á sviði strandmenningar hefst undirbúningur fyrir vetrarstarf félagsins, já og fyrir næstu norrænu strandmenningarhátiðir, Osló 17-20 júlí 2014 og síðan Álandseyjar 2015. Hátiðin í Karlskrona í júlí sl.tókst með miklum ágætum og var það í fyrsta sinn sem öll norrænu ríkin átta voru virkir þátttakendur. Forkólfar hátiðarinnar eru sammála um að samstarfið hefur gengið með miklum ágætum og skilað hraðar og meiri árangri en bjartsýnustu menn gerðu sér vonir um. Á hátiðinni í Karlskrona var t.d. haldið sérstakt þing um kaðlagerð/ Repslageriseminarium, en þeim fækkar óðum sem kunna að gera sér snærisspotta eða góða kaðla í segl. Í kjölfar þessa binda Svíar miklar vonir við að koma þessu handverki inn í námskrá sem sérstöku fagi ásamt smíði trébáta.

Þeir tuttugu Íslendingar sem tóku þátt hátiðinni voru mjög sýnilegir og sérstaka athygli vakti skógerð úr roði og síldarsöltun sem komst á forsiður sænskra dagblaða. Hér ber sérstaklega að þakka þeim sem gerðu það mögulegt fyrir Vitafélagið að taka þátt í kynningu á íslenskri strandmenningu á erlendri grund. Þar er efst á blaði Eimskip sem hefur veitt Vitafélaginu aðstoð við flutninga á munum, en einnig má nefna Íslandsstofu, Letterstedtska félagið, Norræna menningarsjóðinn o.fl.

Þetta sumar á landinu bláa var einnig viðburðaríkt á sviði strandmenningar og að öllum ólöstuðum vakti sigling eikarbátsins Húna II mesta athygli. Tónlistarmennirnir sem þar stóðu í búnni sýndu og sönnuðu að teningurinn hefur margar hliðar og að hægt er að vernda menningararfinn með skemmtilegri og gefandi nýsköpun. Nú vinnur Vitafélagið að því að Húni II með hollvínunum og tónlistarfólki geti tekið þátt í strandmenningarhátiðinni í Osló næsta sumar. Þema hátiðarinnar verður um báta og norræna tungu og hvað passar betur en Húni II og Mugison? En það verður pláss fyrir fleiri og því eru allir sem vilja taka virkan þátt í hátiðinni vinsamlegast beðnir um að hafa samband við stjórnarmenn félagsins.

Dagana 18-19 júní tók félagið þátt í norrænni ráðstefnu sem haldin var á Akureyri undir heitinu „Sjávartengd ferðabjónusta á norðurlöndum – auður hennar og ógnir.“ Um fimmtíu manns frá sex ríkjum sóttu ráðstefnuna sem þótti takast með miklum ágætum. Vettvangskönnun var farin út með Eyjafirði og að venju var það Síldarminjasafnið á Siglufirði sem stal senunni. Eða eins og einn norsku þátttakandana sagði „það þarf nú bara að senda allt norskt safnafolk hingað til að sjá hvernig gera á hlutina.“

Það er víska mín að á næstu árum verði sjávartengd ferðabjónusta sá þáttur menningararfsins sem erlendir gestir sækjast hvað mest eftir. Við þurfum bara að bretta upp ermarnar, undirbúa okkur og vanda vel til verka.

Hlökkum til að sjá ykkur í vetur.

Sigurbjörg Árnadóttir, formaður

VINSAMLEGAST MUNIÐ AD GREIDA FÉLAGSGJÖLDIN

www.vitafelagid.com

SÍLDARGENGIÐ Á STRANDMENNINGARHÁTÍÐ Í KARLSKRONA

- Aníta Elefsen

Í rúm tuttugu ár hefur Síldarminjasafnið á Siglufirði sett upp söltunarsýningar – fyrst í tengslum við Síldarævintýri um Verslunarmannahelgi, en einnig á planinu við Róaldsbrakka alla laugardaga í júlí allt frá árinu 1994, þegar safnið opnaði formlega. Sýningarnar hafa notið mikilla vinsælda meðal safngesta og ferðamanna. Undanfarin ár hafa verið settar upp um tuttugu og fimm sýningar á sumri! Allflestar fyrir erlenda ferðamenn sem fá sérstaka innsýn í sögu síldarinnar er þeir fylgjast með síldarstúlkunum hausskera og slógdraga – og leggja svo niður í tunnur.

Íslenska vitafélagið óskaði eftir þátttöku Síldarminjasafnsins í Strandmenningarhátíðinni í Karlskrona á liðnu sumri. Þátttaka safnsins fólst í því að setja upp söltunarsýningar á hátíðarsvæðinu og kynna safnið, Siglufjörð og síldarsögu þjóðarinnar fyrir hátíðargestum. Hópurinn sem hélt til Svíþjóðar samanstóð af fimm síldarstúlkum, tveimur dixilmönnum og harmonikkuleikara.

Það er töluvert umstang að setja upp söltunarsýningu og til þess þarf fjölmarga gripi, eða stóra sviðsmynd. Smiðir á Blekinge Museum, Byggðasafninu í Karlskrona, sáu um að smíða flest sem þurfti til sýninganna, að undanskildum síldartunnum, sem voru það eina sem til var á sænsku sjóminjasöfnunum. Síldarkassi, bjóð, tunnuhringir og saltkassar voru sérstaklega smíðaðir fyrir sýninguna, eftir ljósmyndum og einföldum málum. Smiðirnir tveir biðu svo spennitir eftir fyrstu sýningu til þess að sjá hvernig þetta var allt saman notað!

Sýningarnar gengu afar vel og voru vel sóttar af hátíðargestum, en alls var saltað fjórum sinnum á tveimur dögum - í glampandi sól og steikjandi hita. Þátttaka síldargengisins varð að forsíðufrétt í sænsku dagblaði, þar sem talað var um "Spektakulær sillshow!" og áfram: "Síldarsöltun upp á gamla mátann. Íslensku dömurnar voru sem konfekt fyrir augað með Brennivinsflösku í hönd, sigarettu í munnvikinu og rauðmálaðar varir."

Siglfirsku síldarstúlkunum varð heldur brugðið þegar sænsku síldinni var komið fyrir í síldarkassanum – því hún er svo miklu smærri en sú íslenska – og reiknaði elsta og reyndasta síldarstúlkan út að það þyrfti 42 sænskar síldar í eitt lag í tunnuna, en ca. 18 af þeirri íslensku!

Hópurinn er hæstánægður með dvölinu í Karlskrona og þann áhuga sem sýningunni og safninu var sýndur - og þakkar skipuleggjendum hátíðarinnar kærlega fyrir!

Síðast en ekki síst skapaði hátíðin og undirbúningur hennar tengsl milli Síldarminjasafnsins og annarra norræna sjóminjasafna og félagasamtaka og er slíkt afar mikilvægt. Samvinna er stór þáttur í safnastarfi – en það er afar gefandi að vinna í samstarfi við aðra að sameiginlegum markmiðum, auk þess sem kraftarnir nýtast betur þegar allir leggja eitthvað af mörkum. Svo má ekki gleyma lærdómsþættinum – en það var Síldarminjasafninu afar lærdómsríkt að taka þátt í þessu samnorræna samstarfi. Sérstaklega hvað varðar möguleikann á samanburði við önnur söfn á hinum ýmsu þáttum safnastarfsins og um varðveislu tréþáta og hins forna handverks og stöðu mála í þeim efnum hjá nágrannaþjóðum okkar – en hér á safninu er varðveisla gamalla þáta afar mikilvægur og stór þáttur. Strandmenningarhátíðin gerði Síldarminjasafninu kleift að koma starfi sínu á framfæri meðal annarra norræna þjóða, á sama tíma og það gerði safninu kleift að kynna þvi hvernig málum er háttað á öðrum stöðum.



VITAFERÐ Í KRINGUM LANDIÐ Í LOK APRÍL SL. MEÐ MEÐLIMUM ÚR SVENSK FYRSÄLLSKAP EÐA SÆNSKA VITAFÉLAGSINS


- Magnús Skúlason



Dyrhólaeyjarviti byggður 1927 teiknaður af Guðjóni Samúelssyni húsaameistara ríkisins. Hann er friðaður. Einn af fáum vitum á landinu með sambyggðri íbúð fyrir vitavörð. Mynd: Magnús Skúlason



Hópurinn í Dalatanga víta hinum nýrri, byggingarár 1908. Til vinstri sést í eldri vitann þann elsta á landinu, byggður 1895. Mynd: Magnús Skúlason



Linsan í Dyrhólaeyjavita 1000mm, sænsk af gerðinni AGA. Mynd: Magnús Skúlason

Árið 2010 hafði Gunnar Bomann læknaþrúfessor í Uppsala samband við mig en hann er einn af meðlimum hins Sænska vitafélags. Hann hafði heyrt af erindi mínu um Íslenska víta á Norrænum fundi vitafélaga í Mariehamn árið 2005. Áhugi var fyrir því að fara í vítaferð umhverfis landið þar sem megin áhersla væri á að skoða víta en þó væri ekki verra að kíkja á fugla í leiðinni ásamt einhverjum dæmum af byggingararfleifðinni. Tók ég það verkefni að mér og skipulagði ferð fyrir 14 manns. Fjöldi manns helgaðist af stærð minirútu þar sem ég væri bæði leiðsögumaður og bílstjóri. Ekki varð þó af ferðinni í það skiptið vegna gossins í Eyjafjallajökli.

Snemma ársins 2013 vaknaði áhuginn á ný og varð ekki undankomu auðið og skipulagði ég ferðina upp á nýtt og skyldi hún standa í átta daga og skyldu valdir vitar skoðaðir á leiðinni með ýmsu menningarlegu ívafi. Fékk ég lykjavöld hjá Siglingastofnun af flestum vitum í umsjón stofnunarinnar sem ráðgert var að heimsækja.

Fyrstu nóttina gisti hópurinn í Reykjavík eftir að hafa skoðað Reykjanesvíta og Garðskaga. Eftir að Gróttuviti var skoðaður var ferðinni heitið til Stykkishólms með viðkomu á Akranesi, Malarrífi og loks í Bjarnarhöfn þar sem Hildibrandur kirkju- og hákarlabóndi tók á móti okkur. Þar var fólk kynnt hákarlaverkun og kirkjulist.

Gist var síðan á Sauðárkróki, Akureyri, Vopnafirði, Berunesi í Berufirði, Freysnesi og síðan komið til Reykjavíkur á áttunda degi.

Skoðaðir voru ýmsir vitar á leiðinni ásamt merkjum torfbæjum eins og Laufási við Eyjafjörð og komið við í jarðböðunum við Mývatn.

Mikill snjór var víða á leiðinni og var eftir því tekið að á sumardaginn fyrsta vorum við stödd í kaffi í Húsabakkaskóla í Svarfaðardal og sá þá varla út úr augunum fyrir hrið. Fyrir austan var ófært með öllu niður í Mjóafjörð svo tekið var á það ráð að aka til Norðfjarðar og leigja þar bát og sigla til Mjóafjarðar. Þar tóku á móti okkur hreppstjórinn Sigfús Hjálmarsson og dóttir hans á tveim jeppum og óku þau okkur út á Dalatanga. Þar tók á móti okkur Marsibil vitavörður sem bauð allri hersingunni í kaffi inn til sín eftir skoðun á vitunum. E.t.v. var þetta toppurinn á ferðinni. Gamli vitinn á Dalatanga, sem byggður er fyrir eigið fé Otto Wathnes kaupmanns á Seyðisfirði árið 1895, er elsti uppstandandi víti á Íslandi og er einstakur að allri gerð. Þá er nýrri vitinn byggður 1907 einnig stórmerkilegur.

Annar víti sem stendur upp úr er Dyrhólaeyjarviti með sambyggðri íbúð vitavarðar. Þá vöktu sænsku ljóshúsin athygli Svíanna en þau ásamt linsunum eru mörg af gerðinni AGA. Linsan í Dalatanga víta er sérstaklega vegleg en hún er 1000mm í þvermál og vakti mikla aðdáun.

Ferðin gekk mjög vel þrátt fyrir rýsjótt veður og voru þátttakendur afar ánægðir með hana.